



# **Veðurstofa Íslands** **Greinargerð/Report**

**Svavar Hávarðsson**

**Veðurhandrit**  
**Könnun og skráning veðurfræðilegra**  
**gagna á Handritadeild Landsbókasafns**  
**og Þjóðskjalasafni Íslands**  
**Weather observations in Iceland before 1872**

**Trausti Jónsson**

**A short summary of early Icelandic instrumental  
meteorological observations**

## EFNISYFIRLIT / CONTENTS

Weather observations in Iceland before 1872.....	bls. i-iii
A short summary of early Icelandic instrumental meteorological observations.....	bls. iv-vi
1. Inngangur.....	bls. 2
2. Sögulegt yfirlit veðurathugana á Íslandi 1749-1891.....	bls. 3-8
3. Skýringar við Heildarskrá.....	bls. 10
4. Heildarskrá.....	bls. 10-24
A. Minnisbækur.....	bls. 14-16
B. Almanök.....	bls. 17-18
C. Dagbækur.....	bls. 19-22
D. Handrit á Þjóðskjalasafni Íslands.....	bls. 23
E. Óskráð handrit.....	bls. 24
5. Skýringar við Aðalskrá.....	bls. 25-26
6. Heimildaskrá.....	bls. 27-28
Tafla 1.....	bls. 9

### Pakkir:

Höfundar þakka sérstaklega aðstoð Sjafnar Kristjánsdóttur sérfræðings á Handritadeild Landsbókasafns, öðru starfsfólki á deildinni og starfsfólki Þjóðskjalasafns Íslands. ADVICE er sam-evrópskt veðurfarssögurannsóknnaverkefni sem styrkt er af fjórðu rammaáætlun Evrópusambandsins. Vísindalegur framkvæmdastjóri verksins er dr. Trevor Davies stjórnandi Veðurrannsóknastofnunar Háskólags í East Anglia á Bretlandseyjum (Climatic Research Unit). Meginmarkmið verkefninsins er að gera veðurathuganir tímabilanna 1670-1715 og 1780-1860 aðgengilegar vísindamönnum á sviði veðurfarsrannsókna auk þess að rannsaka veðurlag tímabilanna og bera það saman við veðurlag á 20.öld.

## **Weather observations in Iceland before 1872**

An inventory of meteorological manuscripts in the National Library and the National Archives of Iceland. (Funded by the EU-contract: ENV4-CT95-0129 (ADVICE), project coordinator: dr. Trevor D. Davies, Climatic Research Unit, University of East Anglia, U.K.). We gratefully acknowledge the assistance of Sjöfn Kristjánsdóttir documentary historian at the Icelandic National Library Manuscript Collection and her colleagues at the Library as well as the staff of the National Archives.

### **An English summary.**

The present work is a first attempt towards an inventory of meteorological diaries and measurements in Iceland before 1872. That year is a natural break-point as the routine observations were then taken over by the newly established Danish Meteorological Institute.

An extensive search was made in the manuscript collection of the National Library (Landsbókasafn) as well as in the National Archives (Þjóðskjalasafn). The manuscripts are classified both according to the origin and the nature of the observations. The search covered all manuscripts that were considered likely to contain some (preferably daily) meteorological observations or measurements. A number of the manuscripts surveyed did NOT turn out to contain observations, but are listed as well for the information to future further searches (so it is not necessary to look at them again in a quest for similar information).

The manuscripts can be classified as weather diaries (journals of daily observations, with or without instrumental measurements), general diaries, note-books and (printed), notated almanacs. The bulk of the material was written near the middle of the 19th century. the youngest extend into the early years of the 20th century. There is also some material from the 18th century.

The result of the search is documented in chapter 4 in this report (p.11 to 26). Information on the weather diaries proper are listed in detail on a diskette that is available on request from the Icelandic Meteorological Office. The information is stored in Microsoft EXCEL® format ("eip\_manu.xls"). Information on the file structure is found below and in the "readme.txt" file on the diskette.

## **Table and appendix overview:**

Table 1 (p.11). *Mælingastaðir Bókmenntafélagsins og tímabil bekktra mælinga.*

The observations sites of the “Society of Letters initiative” and surviving journals (see the short history section below). The table is a list of the “stations” and an overview of surviving journals. All locations are parish church farms. These are in this list grouped according to the administrative unit “Amt”. Suðuramt being the “Southern administrative unit” (A), the Vesturamt, the “Western Amt” (C) and similarly the Northern and Eastern Amt (B).

Chapter 4 (p. 11-26)

### *Heildarskrá*

List of surveyed manuscripts. Markings: “\*” = manuscript containing some meteorological information on a regular basis, “•” = manuscript NOT containing systematic meteorological information.

*Skrá yfir veðurhandrit. Handritasafn Landsbókasafns.*

List of weather diaries (journals). The manuscript collection of the National Library (p. 11-15).

(A) A list of note-books (minnisbækur). The manuscript collection of the National Library (p. 15-17).

(B) A list of almanacs (these are printed tables of astronomical and practical information, filled with additional notes by hand, sometimes daily, sometimes containing weather information). The manuscript collection of the National Library (p. 18-20).

(C) Dagbækur (diaries) These do in most cases (except marked “\*”) not include systematic meteorological information. The manuscript collection of the National Library (p.21-24)

(D) Handrit á Þjóðskjalasafni Íslands (Weather journals at the National Archives). The collection of the National Archives.

(E). Óskráð handrit (unclassified manuscripts, marked as “Óskráð veðurgögn” (= unregistered meteorological journals).

## **Notes on the material on the diskette.**

The diskette includes detailed information on the manuscripts marked with an asterix (\*) in the “main list”. As customary in EXCEL®-format the information is split up into several “worksheets”. The first 5 consist of lists over the manuscripts split according to type and bibliographical location, as in the “main list” above. **Sheet 1: Weather diaries, journals, Sheet 2: Note-books, Sheet 3: Almanacs, Sheet 4: General diaries and Sheet 5: Other, “unlisted”**. Note that the diskette sheets only contain information on manuscripts marked with an asterix (\*) in the “main list”. The information (on sheets 1 to 5) is arranged in columns as follows:

- A. Bibliographical reference number of the manuscript.
- B. Observer
- C. Site of observation
- D. The period included (please note that this does not necessarily mean that the information is in any sense complete during the whole period listed).
- E. Time of the day.
- F. Period of temperature measurements (see also note to D above).
- G. Period of pressure measurements (see also note to D above).
- H. Wind (direction and force) observations
- I. Cloud information
- J. Precipitation type (weather).
- K. Phenological observations and agricultural practices related to weather.
- L. Information on fisheries related to weather
- M. Remarks. The “quality” of the manuscript, other remarks.
- N. Other, e.g. information on sea-ice.

**Worksheet 6** includes an overview of the geographical location of the observations, mainly in which administrative units (“hreppar”) the observations were made (there are many farms with the same name in different parts of the country).

**Worksheet 7** is a name index.

## **Trausti Jónsson: A short summary of early Icelandic instrumental meteorological observations.**

The first known series of observations is the Horrebow 1749-1751 observations at Bessastaðir in SW-Iceland. The observations are published in (Horrebow, N., 1752 (in Danish), Niels Horrebow, 1966 (an Icelandic translation)) as an addendum to a report on Icelandic economical conditions. It seems that the instruments were left in Iceland and there were probably some observations during the 1750s and the 1760s (these are mentioned in contemporary correspondence), but nothing seems to have survived, except a year (1763) of a series of pressure and daily weather description, probably made by the Icelandic naturalist and reformer Eggert Ólafsson.

In the mid 1770s the bishop of Skálholt in southern Iceland (Hannes Finnsson) made observations for several years. These are still surviving, but have never been published.

A major effort was initiated by the Danish Scientific Society in 1779. A meteorological and astronomical observatory was established at Lambhús close to Bessastaðir in SW-Iceland. A full-time observer (Rasmus Lievog) was stationed there until 1805 it seems, but only a small part of his observations has survived to modern times. The years surviving are August 1779 to June 1785 and the whole year of 1789. There are summaries of sorts from 1787 and 1792. There is still some hope that copies of the lost observations will be found in some European archive.

The sheriff of Dalasýsla W-Iceland, Magnús Ketilsson kept a weather diary during the period 1779-1802. During a part of this time he measured pressure almost daily.

The diaries of Sveinn Pálsson, who was a district physician in southern Iceland, present a wealth of general meteorological observations as well as some measurements of pressure and temperature. Sveinn Pálsson wrote at least three sorts of journals, i.e. an "ordinary" diary, weather diary and a travel journal. The weather diaries proper are readily accessible from 1798 onwards to 1840. There are almost no instrumental observations after 1812. During considerable parts of the 1808 - 1812 period there are also no instrument readings. The pressure observations stop in late 1809. Monthly summaries of his visual weather and wind observations are accessible for parts of the period 1791-1797. These summaries have been published along his travel journal (Pálsson, 1983, (in Icelandic)).

The Icelandic coast was surveyed and mapped during the years 1807 to 1814 by the Danish navy. The surveying team was stationed in Akureyri in Northern Iceland and made daily observations during the whole period.

Country physicus Jón Thorsteinsson began his weather observations in Reykjavík in 1820 with instruments supplied by the Danish Scientific Society. Thorsteinsson made daily observations for over 30 years, to the end of February 1854. These observations have almost all survived in manuscript. A part of the observations (1823-1837) was published in Copenhagen in 1859 (Holmsted, 1859 (in Latin)).

A few enthusiastic individuals made instrumental observations (mainly temperature) in the 1820s and onwards. Usually these series are short but in spite of this very valuable.

In 1840 Jónas Hallgrímsson urged the Icelandic Society of Letters to launch a general survey of the Icelandic nature, with the cooperation of local ministers and the members of the society. Jónas Hallgrímsson was a poet of major stature and one of Iceland's earliest academics specializing in the natural sciences. The Society actually did initiate this major undertaking and sent thermometers and detailed instructions on meteorological observations to 49 ministers all over Iceland. The majority of these did commence the observations and thus a large set of temperature measurements exists from Iceland during the early part of the 1840s. A few of the ministers kept the effort going for almost 40 years.

The observations of Árni Thorlacius in Stykkishólmur started in 1845 possibly as a "spin-off" from the initiative of Jónas Hallgrímsson, who died the same year. Thorlacius's observations were continued under the auspices of the Danish Meteorological Institute after 1872.

**References and previously published material on early Icelandic instrumental observations** (see also the list on p.29-30).

Bergþórsson, P. (1957): Loftin blá (Fair skies). Heimskringla, Reykjavik.

Eyþórsson, J. (1956): Elztu veðurathuganir með mælitækjum á Íslandi (The earliest instrumental meteorological observations in Iceland). Veðrið 1, p.27.

Eyþórsson, J. (1962): Stjörnurnetninn á Lambhúsum og Rasmus Lievog (The astronomical observatory at Lambhus and Rasmus Lievog). Veðrið 7, p.39.

Eyþórsson, J. (1963): Rasmus Lievog og veðurathuganir hans. (Rasmus Lievog and his meteorological observations). Veðrið 8, p.3.

Eyþórsson, J. (1964): Jón Þorsteinsson landlæknir og veðurathuganir hans, (Jón Thorsteinsson country physicus and his meteorological observations). Veðrið 9, p.43.

Holmsted, S. (ed) (1859): Observationes Meteorologicae A. 1.jan 1823 ad 1 Aug 1837 in Islandia factae a Thorstensenio medico. København.

Horrebow, N. (1752): Tilforadelige Efterretninger om Island, København.

Jones, P., T. Jonsson and D. Wheeler (1997): Extension using early instrumental pressure observations from Gibraltar and SW Iceland to the North Atlantic Oscillation. International Journal of Climatology (in press).

Pálsson, S., (1983) Ferðabók Sveins Palssonar (2nd edition), vol. I - II, (The Travel Journal of Sveinn Pálsson). Örn and Örlygur, Reykjavik.

Sigfúsdóttir, A. B. (1969) Hitabreytingar á Íslandi 1846 - 1968 (Temperature conditions in Iceland 1846-1968). In: Einarsson, M. A.(ed): Hafisinn, Almenna bókafélagid, Reykjavík, pp 70-79

**The authors:**

Svavar Hávarðsson is a graduate student of history at the University of Iceland in Reykjavík.

Trausti Jónsson is the head of the Department of Research and Processing at the Icelandic Meteorological Office.

**Correspondence should be addressed to:**

Trausti Jónsson,  
Icelandic Meteorological Office,  
Bústaðavegur 9,  
IS-150 Reykjavík,  
Iceland  
e-mail: [trausti@vedur.is](mailto:trausti@vedur.is)

## 1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir könnun og skráningu handrita sem talið var að innihéldu veðurfræðilegar upplýsingar. Handritin sem skoðuð voru eru geymd á Handritadeild Landsbókasafns/Háskólasafns, Þjóðskjalasafni Íslands og á Veðurstofu Íslands. Verkefnið fólst í athugun þeirra handrita sem skráð eru með einum eða öðrum hætti tengt veðurfari en auk þess persónuleg gögn sem í eðli sínu voru talin líkleg til að koma inn á veðurfræðilega þætti, en þau eru dagbækur, minnisbækur og almanök. Handritin eru að megninu til frá 19. öld en þó er nokkuð um eldri rit. Yngstu handritin ná inn á þessa öld en það er í undantekningartilfellum. Markmið rannsóknarinnar var að upplýsingar um þau handrit sem hafa að geyma veðurtengdar upplýsingar væru aðgengilegar á einum stað og ekki síður útilokun þeirra handrita sem innihalda engar eða litlar upplýsingar af þeim toga. Þau rit sem fóllu undir skilgreininguna *veðurbók* þurftu að innihalda beinar mælingar eða góðar veðurlýsingar og eru skráð í *Aðalskrá*<sup>1</sup> sem færð var í Microsoft Excel 5,0 og er á meðfylgjandi þessari skýrslu á disklingi. Önnur rit sem ekki uppfylltu þessi skilyrði voru skráð í *Heildarskrá*<sup>2</sup> sem fer hér að aftan en þar eru upplýsingar um öll þau gögn sem rannsókuð voru. Notagildi skrár eins og þessarar er augljóst þeim sem hafa áhuga á veðurfræði sérstaklega, en vonandi er það einnig nokkurt á öðrum sviðum, t.d. fyrir þá sem fjalla um kjör fólks á fyrri tínum sem voru bundin veðurlagi órofa böndum.

Til að gera lesandanum grein fyrir megindráttum í veðurathugunum hér á landi á því tímabili sem handritin voru skrifuð og úr hvaða jarðvegi þau eru sprottin var tekið saman stutt yfirlit sem greinir frá helstu tímabilum þeirrar sögu. Oftast mörkuðust þessi tímabil af ötulu starfi einstakra veðurathugunarmanna, sem oftar en ekki störfuðu undir merkjum danskra fræðafélaga.

Verk þetta er unnið með styrk frá fjórðu rammaáætlun EB um umhverfismál og er hluti af fjölbjóðaverkefninu “ADVICE” [ENV4 - CT95 - 0129].

<sup>1</sup> Nánari upplýsingar um skrána eru hér að aftan í kafla 5.

<sup>2</sup> Nánari upplýsingar um skrána eru hér að aftan í kafla 4.

## 2. SÖGULEGT ÁGRIP VEÐURATHUGANA Á ÍSLANDI 1749-1891

Sú stefna sem nefnd hefur verið upplýsing eða fræðslustefna tók að ryðja sér til rúms í Evrópu þegar leið að aldamótunum 1700. Þessi hugmyndastefna var viðameiri en svo að henni verði afmarkað tímabil eða upphaf hennar rakið til eins höfundar, upplýsingin var ekki samstæð því hún “tók mið af sögulegum og félagslegum aðstæðum þjóðanna, og fór það eftir löndum og eftir því sem tímar liðu fram.”<sup>3</sup>

Til Íslands bárust þessir straumar frá Danmörku um miðja 18. öld, og þá með þeim áherslum sem þar voru helstar. Náttúran naut sérstakrar athygli þar sem hún var uppsprettu auðs, og það fór ekki fram hjá stækkandi borgarastétt að betri skilningur á ýmsum þáttum hennar væri mikilvægur. Skráning upplýsinga um landsins gagn og nauðsynjar var því eðlilegt fyrsta skref og stuttu eftir að danska vísindafélagið (Det Kongelige Danske Videnskabernes Selskab) var stofnað árið 1742 barst Joachim H. Lafrentz amtmanni á Bessastöðum kansellífyrirmæli um að fá hæfa menn til að gera rækilega lýsingu Íslands.<sup>4</sup>

### *Leiðangur Nielsar Horrebow 1749-1751*

Af sama meiði er sprottinn leiðangur Nielsar Horrebow (1712-1760) sem dvaldi að Bessastöðum um tveggja ára skeið frá 1749 til 1751. Mælingar Nielsar Horrebow eru fyrstu gagnlegu veðurannsóknirnar sem stundaðar voru með mælitækjum hér á landi og voru þær prentaðar aftan við ítarlega Íslandslýsingu hans sem kom út í Danmörku 1752.<sup>5</sup> Bók hans var prentuð á fleiri tungumál og átti þátt í að breyta hugmyndum um landið sem komu fram í öðrum ritum frá þessum tíma, meðal annars að sanna að landið var hvergi nærrí eins óbyggilegt vegna kulda og látið var í veðri vaka, en það mun hafa verið meginmarkmið veðurmælinga hans. Veðurmælingarnar spanna tímabilið frá 1. ágúst 1749 til 30. júlí 1751 en þar er tiltekið veðurlag, vindátt, loftvog í frönskum þumlungum og hitastig á Réamur-mæli. Mælingar hans eru gallaðar af ýmsum ástæðum, en einna helst vantar að hann tilfæri hvenær hann las af hitamæli sem ekki var heldur alltaf hafður á sama stað. Hitamælirinn var ýmist innan dyra eða úti við og oftast færður þegar hiti sveiflaðist óvenju mikið. Þetta má þó telja

<sup>3</sup> Haraldur Sigurðsson: “Náttúruvísindi og landafræði.”, bls. 269.

<sup>4</sup> Sama heimild, bls. 272-273.

<sup>5</sup> Niels Horrebow, *Frásagnir um Ísland*, bls. 17-19.

eðlilegt þegar markmið Nielsar Horrebow er haft í huga.<sup>6</sup> Dvöl Nielsar Horrebow varð styrttri en efni stóðu til. Um þetta leyti höfðu þeir Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson vakið athygli í Danmörku fyrir rannsóknir sínar og voru gerðir út til frekari rannsókna á Íslandi á vegum Vísindafélagsins, en Horrebow var kallaður heim til Danmerkur. Þeir Eggert og Bjarni héldu jafnan veðurbækur á ferðum sínum, og þar sem þeir höfðu vetursetu en Vísindafélagið danska taldi þó að nauðsynlegt væri að koma upp föstum veðurathugunum á Íslandi og margt bendir til að Niels Horrebow hafi ýtt þar undir.<sup>7</sup>

### *Landsnefndin fyrri og Eyjólfur Jónsson 1770-1775*

Árið 1770 var skipuð nefnd, sem annast skyldi úttekt á hag Íslendinga og hvað gera mætti þjóðinni til viðreisnar.<sup>8</sup> Meðal nefndarmanna var Eyjólfur Jónsson frá Háafelli í Hvítársíðu, kallaður Johnsoníus, sem fór með ritarastörf nefndarinnar. Í erindisbréfi hans kemur fram að honum voru einnig ætluð önnur störf því í 6. lið erindisbréfsins kemur fram að hann skuli hafa meðferðis til landsins loftvogir og hitamæla til að fylgjast með daglegu ástandi loftsins, skyldi hann fá aðstoðarmann til þess að rækja þetta hlutverk sitt sem best.<sup>9</sup> Engar veðurmælingar eru varðveittar frá hendi Eyjólfs Jónssonar en Uno von Troil segir í ferðasögu sinni frá árinu 1772 að hann hafi stundað veðurmælingar á Arnarhóli við Reykjavík og hafi þar tekið við starfi Horrebow og Guðlaugs prófasts Þorgrímssonar:

Ekkert verður um það sagt með vissu, hvort árferði hefur versnað eða farið batnandi hin síðari árin, því að engar veðurathuganir voru gerðar fyrr en Horrebow hóf þær árið 1749. Veðurathugunum var haldið áfram af herra prófasti Guðlaugi Þorgrímssyni, og síðan 1769 af herra Eyjólfí Jónssyni, sem var áður aðstoðarstjórnuskoðari í Sívalaturni í Kaupmannahöfn, en nýtur nú launa frá stjórninni sem fyrsti sjörnufræðingur á Íslandi. Athugunarstöð hans var á Arnarhóli við Reykjavík,<sup>10</sup>

Margt í frásögn Uno von Troil gefur til kynna að frásögn hans sé nothæf heimild, t.d. hafði Landsnefndin bækistöðvar í hegningarárinu og því líklegt að Eyjólfur hafi stundað mælingar sínar þar. Aftur á móti er prófastsins Guðlaugs Þorgrímssonar hvergi getið í heimildum en það er vel hugsanlegt að hinn erlendi gestur hafi farið rangt með nafn hans en eftir situr spurningin um hvort þessar mælingar fóru fram.

Eyjólfí Jónssyni var ætlað að halda áfram störfum við stjórn- og veðurathuganir eftir að Landsnefndin hvarf af landi brott. Árið 1773 voru uppi hugmyndir að veita honum

<sup>6</sup> Jón Eyþórsson, "Elztu veðurathuganir með mælitækjum á Íslandi.", bls. 27.

<sup>7</sup> Jón Eyþórsson, "Stjórnurninn á Lambhúsum og Rasmus Lievog.", bls. 40.

<sup>8</sup> Nefndin er jafnan kölluð Landsnefndin fyrri til aðgreiningar frá annari nefnd sem starfaði síðar á 18. öldinni.

<sup>9</sup> Jón Eyþórsson, "Stjórnurninn á Lambhúsum og Rasmus Lievog.", bls. 40-41.

<sup>10</sup> Uno von Troil, *Bréffrá Íslandi*, bls. 55.

prestsembætti að Staðastað og að hann myndi gera rannsóknir sínar þar. Átti að reisa til þess aðstöðu og skyldi stiftamtmaður hafa yfirumsjón með því verki, enn fremur átti athugari að senda Vísindafélaginu afrit af athugunum sínum ár hvert.<sup>11</sup> Aldrei varð neitt úr framkvæmdum á Staðastað en ákveðið að aðstöðu yrði komið upp á Bessastöðum í tengslum við áætlanir um uppbyggingu kirkjunnar þar, auk þess sem kotað Lambhús sem stóð í Bessastaðatúni yrði bústaður athugara. Árið 1775 andaðist Eyjólfur Jónsson og var því ekkert aðhafst um sinn.

#### *Rasmus Lievog og stjörneturninn á Lambhúsum 1779-1805*

Málið komst í biðstöðu vegna fráfalls Eyjólfs Jónssonar, vegna þess að enginn var til að taka við hlutverki hans. Árið 1778 stóð til að þjálfa stúdentinn Eyjólf Jónsson Moe til starfans en hann stundaði nám sitt illa og í hans stað fengu stjórnvöld augastað á öðrum stúdent að nafni Rasmus Lievog sem hafði allt til að bera til að rækja skyldur stjörnuskoðara, auk þess sem hann var tilbúinn að setjast að á Íslandi.<sup>12</sup>

Hinn 21. apríl 1779 var Rasmus Lievog skipaður stjörnuskoðari á Íslandi. Fyrir hann var lagt að gera stjarnfræðilegar athuganir til að staðfesta legu landsins, en auk þess skyldi hann athuga daglega loftvog, mæla hita og lýsa veðri og vindum. Í fyrstu voru mælingarnar stundaðar á Bessastöðum eða til jóla árið 1779 en eftir endurbætur á Lambhúsum, þar sem byggð hafði verið aðstaða til rannsókna, fluttist Lievog þangað. Embættisskyldur Rasmusar Lievogs voru fyrst og fremst stjörnumælingar en þrátt fyrir það eru varðveisittar athuganir hans flestar veðurfarslegs eðlis. Þessar athuganir hans voru unnar af vandvirkni, þrátt fyrir að honum hafi verið búnar frumstæðar aðstæður til vísindalegra rannsókna. Það sem helst gefur mælingum hans gildi eru varðveisittar upplýsingar frá móðuharðindaárunum 1783 til 1784 en í heild eru varðveisittar mælingar áranna 1779-1785 og árið 1789. Hann dvaldist á landinu til ársins 1805 og ekkert sem bendir til annars en að hann hafi haldið mælingum sínum áfram allt það tímabil sem hann dvaldist hér. Gögnin gætu hafa brunnið í einhverjum af þeim stórbrunum sem urðu í Kaupmannahöfn í kringum aldamótin 1800.<sup>13</sup>

#### *Sveinn Pálsson og mælingar hans 1798-1840*

Sveinn Pálsson útskrifaðist sem náttúrufræðingur frá Kaupmannahöfn árið 1791 og ferðaðist um Ísland á vegum náttúrufræðifélags Dana á árunum 1791-1795. Á ferðum sínum

<sup>11</sup>Jón Eyþórsson, "Stjörneturninn á Lambhúsum og Rasmus Lievog.", bls. 40-41.

<sup>12</sup>Sama heimild, bls. 42.

<sup>13</sup>Trausti Jónsson: *Veður á Íslandi í 100 ár*, bls. 211-212.

vann hann að fjölbreyttum athugunum en þá strax eða 1792 var honum hugað um að haldnar væru veðurmælingar hérlandis. Þetta má marka af drögum að kennslubók sem hann skildi eftir sig og er varðveitt á handritadeild Landsbókasafns.<sup>14</sup> Hann varð einn merkasti náttúrufræðingur landsins en naut ekki ávaxtanna af fjölmörgum frábærlega unnum rannsóknum sem voru gefnar út eftir hans dag.<sup>15</sup> Sveinn Pálsson bjó að Kornmúla í Fljótshlíð frá 1797 til 1809 er hann fluttist til Víkur í Mýrdal en þar bjó hann til dauðadags 1840. Hann hélt veðurbækur frá árinu 1798 til dauðadags en þar af eru veðurathuganir hans gagnlegastar frá byrjun mælinganna 1798 til ársins 1812.

Á þeim tíma sem Sveinn færði sína veðurbók á Suðurlandi og Lievog á Vesturlandi voru einnig stundaðar veðurmælingar norðanlands. Í byrjun 19. aldar stóðu Danir fyrir víðtækum landmælingum hérlandis og hélt hluti mælingafloksins til á Akureyri árin 1807-1814 og gerði allan þann tíma þrjár veðurathuganir á dag.<sup>16</sup> Hér eru í fyrsta skifti haldnar reglulegar mælingar svo víða á landinu en síðan féllu að kalla allar mælinga niður fram til ársins 1820 þar sem mælingar Sveins Pálssonar á tímabilinu 1813 til 1840 eru lítt gagnlegar.

#### *Jón landlæknir Þorsteinsson og veðurathuganir hans 1820-1854*

Í ársbyrjun 1820 hóf Jón veðurathuganir í Reykjavík, en síðar í Nesi við Seltjörn fyrir Vísindafélagið danska og hélt þeim áfram af mikilli elju fram á efstu ár. Hann fluttist frá Nesi árið 1833 en hélt mælingum sínum áfram í “Doktorhúsi”, að Ránargötu 13 í Reykjavík allt til ársins 1854. Vísindafélagið lagði honum til mælitæki og hann sendi, svo vitað sé, skýrslur til Danmerkur frá byrjun mælinga sinna. Árið 1839 léti Vísindafélagið prenta í einni bók veðurathuganir Jóns frá þessu tímabili eða frá 1. janúar 1823 til 31. júlí 1837. Einnig voru prentuð meðaltöl úr öllu efninu: loftþrýsting, hita, úrkomu, vindátt og veðurhæð. Einnig birtust niðurstöður mælinga hans í innlendum blöðum á tímabilinu 1847-1851.<sup>17</sup> Hann stundaði rakamælingar (psycrometer) samhliða öðrum veðurmælingum að minnsta kosti frá 1829<sup>18</sup> til ársins 1853.

#### *Bókmenntafélagsátakið 1841-1880*

Árið 1840 skrifaði Jónas Hallgrímsson bréf til Bókmenntafélagsins sem hann kallaði “frumvarp um veðurbækur.” Í bréfinu fjallar hann um nauðsyn þess að Íslendingar taki upp

<sup>14</sup> Lbs. 306, 4to.

<sup>15</sup> Haraldur Sigurðsson: “Náttúrvíindi og landafræði.”, bls. 283.

<sup>16</sup> Trausti Jónsson, *Veður á Íslandi í 100 ár*, bls. 212.

<sup>17</sup> Jón Eyþórsson, “Jón Þorsteinsson landlæknir og veðurathuganir hans.”, bls. 43.

<sup>18</sup> Sama heimild, bls. 45.

skráningu veðurfars á landinu á skipulegan hátt og reifar hugmyndir sínar í því efni.<sup>19</sup> Hugmyndir hans fóllu í góðan jarðveg og sama ár var skipuð nefnd til að útfæra hugmyndir hans betur og hrinda verkefninu í framkvæmd. Í nefndinni sátu Jónas, Jón Þorsteinsson landlæknir sem var áhugamaður á þessu sviði og starfaði að rannsóknum á vegum Vísindafélagsins danska (sjá hér að ofan), og Björn Gunnlaugsson landmælingamaður. Nefndin fylgdi upphaflegum hugmyndum Jónasar að mestu leyti þar sem prestsetrin voru talin hentugustu staðirnir til að halda þessar mælingar, aðallega vegna þess að þar sátu alltaf menntaðir menn sem án vandkvæða gátu framfylgt “hinni vísindalegu kvöð”, eins og Jónas kallaði það í bréfi sínu.<sup>20</sup>

Nefndin valdi 49 prestetur auk þess sem mælingar yrðu gerðar á Akureyri og í Reykjavík (mælingar Jóns Þorsteinsonar áttu að gilda í Reykjavík). Bréf dagsett 20. mars 1841 sem var prentað í Viðey var síðan sent þeim prestum sem sátu á þeim prestetrum sem höfðu verið valin. Viðtökurnar voru víðast góðar, þrátt fyrir að einstaka presti hafi þótt að framtakið mætti víkja fyrir öðru þarflegra t.d. innlends tímarits<sup>21</sup>, og strax árið 1841 hófst skráning veðurs á meirihluta þeirra prestetra sem höfðu verið valin og mörg bættust við árið eftir. Tæki til veðurmælinganna komu frá Vísindafélaginu eins og kemur fram í öðru dreifibréfi til prestanna dagsett 20. ágúst 1841 þar sem notkunarleiðbeiningar hitamælanna og fleira var tíundað.<sup>22</sup>

Þrátt fyrir að “Bókmenntafélagsátakið” hafi farið vel af stað, þá leið ekki á löngu þar til að margir af þeim sem hófu að halda veðurdagbækurnar heltust úr lestinni. Margir héldu mælingum áfram í aðeins 1-2 ár og fáir lengur en til 1850. Eftir standa þó töluvert miklar upplýsingar og sérstaklega í þeim tilfellum sem mælingum var haldið áfram um langt skeið. Dæmi um þetta er Hvammur í Hvammsveit, Ofanleiti í Vestmannaeyjum, Valþjófsstaður og Gaulverjabær í Flóa. (Sjá Töflu 1.)

### *Veðurathuganir Árna Thorlacius í Stykkishólmi 1845-1891*

Þáttaskil urðu í íslenskri veðurfarssögu í nóvember 1845, en þá hófust fyrstu reglubundnu veðurathuganir hérlandis, sem staðið hafa nær óslitið allt til þessa dags. Voru það veðurathuganir í Stykkishólmi, sem Árni Thorlacius annaðist frá upphafi til ársins 1889,

<sup>19</sup> ÍB. 73, fol., “Frumvarp um veðurbækur”. Bréf Jónasar Hallgrímssonar til Bókmenntafélagsins, dagsett 9. apríl 1840.

<sup>20</sup> ÍB. 73, fol., “Frumvarp um veðurbækur.” Bréf Jónasar Hallgrímssonar til Bókmenntafélagsins, dagsett 9. apríl 1840.

<sup>21</sup> ÞÍ. E. 104, 2., Bréf frá Hálfdan Einarssyni á Brjánslæk til Bókmenntafélagsins, dagsett 6. janúar 1842.

<sup>22</sup> ÞÍ. E. 104, 2., Dreifibréf Bókmenntafélagsins, dagsett 20. ágúst 1841. Hér er vitnað til eintaks Sr. Jóns Jónssonar á Steinnesi.

er sonur hans tók við. Stykkishólmur er af þessum sökum talin vera elsta veðurathugunarstöð landsins. Athuganir hafa verið gerðar á ýmsum stöðum innan þorpsins og staðsetning tækja hefur einnig ekki alltaf verið með besta móti. Danska veðurstofan tók við umsjón þessara mælinga árið 1873.<sup>23</sup>

#### *Veðurathuganir áhugasamra einstaklinga og hugsanlegt notagildi þeirra*

Á öllum tínum hafa Íslendingar þurft að gefa veðurfari gaum vegna þess hversu þjóðin er háð veðri og vindum. Því var skráning veðrabrigða í einni eða annari mynd útbreidd um allt land á því tímabili sem hér um ræðir og fyrr. Þar voru á ferðinni áhugasamir einstaklingar og þrátt fyrir að í meirihluta tilvika hafi aðeins verið um tómstundagaman, en ekki skipulagða veðurskráningu, að ræða þá eru dæmi um að slík skrif hafi nýst í fræðilegum tilgangi. Í bréfi sínu til Bókmenntafélagsins skrifaði Jónas Hallgrímsson 9. apríl 1840: “mér er kunnugt að einstakir merkismenn hafa haldið slíkar veðurbækur að undanförnu (t.a.m. séra Jón Jónsson, nú prestur til Möðruvallaklausturs, er nú mun hafa haldið þeirri iðn um 60 ár) og er það athugunarvert hvurt félagið ætti ekki að grennslast eftir þessu betur og reyna til að útvega sér af þeim merkstu”.<sup>24</sup> Hér vísar Jónas til Jóns Jónssonar prests á Grundarþingum sem hélt dagbók í um 60 ár og jafnan með góðum veðurlýsingum, en sonur hans Jón prestur að Möðrufelli og síðar Dunhaga gerði slíkt hið sama og spanna dagbækur þeirra feðga yfir 100 ár.<sup>25</sup> Auðvitað eru þessar dagbækur sérstakar á margan hátt, bæði hvað varðar lengd þeirra og ekki síður eljuna við skráningu veðurs. Fjölmörg handrit hafa að geyma upplýsingar um veður og ekki síður hvernig veður hafði áhrif á daglegt líf fólks. Það má því hugsa sér að not af skrá sem þessari geti nýst bæði þeim sem horfa til náttúrunnar frá sjónarhóli veðurfræðinnar en einnig þeirra sem hafa áhuga á samspili veðurs og mannlegra þátta.

<sup>23</sup> Markús Á. Einarsson, *Veðurfar á Íslandi*, bls. 11.

<sup>24</sup> ÍB. 73, fol., “Frumvarp um veðurbækur.” Bréf Jónasar Hallgrímssonar til Bókmenntafélagsins, dagsett 9. apríl 1840.

<sup>25</sup> Sjöfn Kristjánsdóttir bókvörður og íslenskufræðingur vinnur að rannsóknum á handritum þeirra feðga.

### Tafla 1.<sup>26</sup>

Mælingastaðir (Prestsetur) "Bókmenntafélagsátaksins", og tímabil þekktra mælinga<sup>27</sup>

#### A. Suðuramt

Melar í Melasveit 1841-1858	<i>Hruni í Ytriþrepp: Engar mælingar.</i>
<i>Lundur í Lundareykjadal: Engar mælingar</i>	Oddi á Rangárvöllum: 1841-1853
Reynivellir í Kjós: 1841-1845	Holt undir Eyjafjöllum: 1842-1843
Staður í Grindavík: 1841-1849	Heiði í Mýrdal: 1841-1843, 1846
Gaulverjabær í Flóa: 1842-1879	Sandfell í Öræfum: 1841-1843
Pingvellir í Þingvallasveit: 1841-1842	Ofanleiti í Vestmeyjum: 1841-1880

#### B. Norður- og Austuramt

Berunes við Berufjörð: 1845-1858	Pönglabakki í Fjörðum: 1841-1842
Hólmar í Reyðarfirði: 1842-1848	Miðgarðar í Grímsey: 1841-1842
Desjarmýri: 1841-1843	Saurbær í Eyjafirði: 1841-1846
Vallanes á Völlum: 1841-1846, 1849-1850	Vellir í Svarfaðardal: 1841-1844, 1846
Valþjófsstaður: 1841-1875 (óreglulegt)	Hvanneyri í Siglufirði: 1841-1842, 1845-1866
<i>Hof í Vopnafirði: Engar mælingar.</i>	Glaumbær í Skagafirði: 1841-1848
Sauðanes á Langanesi: 1842-1846	Barð í Fljótum: 1841-1847
Garður í Kelduhverfi: 1841-1848	Hof á Skagaströnd: 1841-1850
<i>Mývatnsþing: Engar mælingar.</i>	Steinnes í Þingi: 1841-1861
Eyjadalsá í Bárðardal: 1841-1844, 1846	Staður í Hrútafirði: 1847-1848
Nes í Aðalreykjadal: 1842-1846	

#### C. Vesturamt

<i>Staður í Steinþímsfirði: Engar mælingar</i>	Garpsdalur við Gilsfjörð: 1841
Árnes á Ströndum: 1841-1842	Hvammur í Hvammssveit: 1841-1880
Staður í Aðalvík: 1841-1842	<i>Helgafell: Engar mælingar</i>
Eyri við Skutulsfjörð: 1841-1847	<i>Staðastaður: Engar mælingar</i>
<i>Holt í Önundarfirði: Engar mælingar</i>	Hítardalur: 1841-1851, 1852
